



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Skipulagsstofnun
Auður Ýr Sveinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

✉ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 10. maí 2005
Tilvísun: UST20050400092/óaj

Síðubraut frá Hörgárbraut til norðurs. Tilkynning um matsskyldu

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 11. apríl sl. þar sem óskað er eftir álíti Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Friðlýst svæði

Fyrirhuguð Síðubraut liggur meðfram mörkum fólkvangsins Krossanesborgir, sbr. auglýsingur nr. 162/2005. Svæðið er alsett klettaborgum eða stuttum klapparásum, sem snúa norður-suður, og eru vanalega hvalbakslaga. Langflestar borganna eru nokkurn veginn eins og ísaldarjökullinn skildi við þær fyrir um 10 þúsund árum. Þær liggja í óreglulegum röðum og þyrringum, en á milli þeirra eru oftast mýrarsund, og tjarnir í sumum þeirra. Mikill gróður er í þessum tjörnum, sérstaklega Djáknotjörn, en þar vaxa margar nykrutegundir, m.a. hin sjaldgæfa langnykra. Gróðurfar í borgunum er fjölbreytt og hafa þar fundist um 190 plöntutegundir, þar af 16 starategundir. Meginhluti mýranna í borgunum hefur sloppið við framræslu. Þar eru einu mýrarnar í bæjarlandinu sem eru óskemmdar.

Fólkvangur er stofnaður að frumkvæði sveitarstjórnar og er megin tilgangur með friðlýsingur fólkvangs að taka tiltekið landsvæði til útivistar og almenningsnota. Stofnunin bendir einnig á að markmið friðlýsingar Krossanesborga er m.a. að vernda mikilvægan varpstað fjölda fuglategunda.

Hljóðvist

Að mati Umhverfisstofnunar ber að líta á fólkvanginn Krossanesborgir sem útivistarsvæði í þéttbýli og gilda því um hann ákvæði hávaðareglugerðar, nr. 933/1999, með síðari breytingum. Í viðauka reglugerðarinnar kemur fram að á útivistarsvæðum beri að halda hljóðstigi innan 55 dB(A) og leiðbeiningargildið er 45 dB(A). Samkvæmt reglugerðinni ber að stefna að því að halda hljóðstigi innan leiðbeiningargildis við nýskipulag. Umhverfisstofnun bendir á að í innsendum gögnum er engin umfjöllun um hljóðstig innan fólkvangsins og telur stofnunin það gagnrynívert.


Niðurstaða


Umhverfisstofnun gagnrýnir að einungis skuli vera tilkynnt til Skipulagsstofnunar líttill hluti þegar fyrirhugaðs tengivegar, en Akureyrbær telur að áframhald Síðubrautar skuli fara í mat á umhverfisáhrifum (sbr. bréf Akureyrbæjar til Skipulagsstofnunar dags. 2. mars sl.). Með lagningu þessa hluta vegarins hefur framhald hans verið markað og möguleikar á útfærslum skertir, m.a. með tilliti til hljóðstigs innan fólkvangsins. Umhverfisstofnun hvetur framkvæmdaraðila til að leggja fram gögn um heildarframkvæmdina áður en ákvörðun er tekin um veginn, þ.m.t. einstaka hluta hans. Kynna þarf leiðir til þess að halda hljóðstigi innan marka í fólkvanginum, og gæta verður þess að framkvæmdirnar hafi ekki óæskileg áhrif á varp fuglategunda eða önnur gildi sem friðlýsing Krossanesborga miðar við.

Fyrirhugaður tengivegur er 190 m að lengd, og er aðeins um 1/5 hluti af fyrirhuguðu vegstæði við Síðubraut. Samkvæmt upplýsingum frá Akureyrbæ mun tilgangur þessarar framkvæmdar vera að útbúa vegtengingu frá Hörgárbaður yfir í Nesjahverfi, austan Síðubrautar.

Umhverfisstofnun telur að þar sem fyrirhugaður tengivegur við Síðubraut er stuttur, hann nálægt umferðarþungri stofnbraut og tilgangur hans að útbúa tengingu í Nesjahverfi ætti sá hluti vegarins sem hér um ræðir ekki að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfullst


Ólafur A. Jónsson
Sérfræðingur


Helgi Þensson
Forstöðumaður